



## Fundargerð – 532. stjórnarfundur Kölku

Fundur í stjórn Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. var haldinn þriðjudaginn 18. janúar 2022, kl. 16:00. Fundurinn var haldinn með fjarfundarsniði.

Mættir: Önnundur Jónasson sem stýrði fundi, Ásrún Kristinsdóttir, Inga Rut Hlöðversdóttir, Laufey Erlendsdóttir, Páll Orri Pálsson sem ritaði fundargerð og Steinþór Þórðarson.

Dagskrá:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra og yfirlit ársins 2021.
2. Sérstakar gjaldskrárbreytingar 2022.
3. Markmið fyrir 21 og 22.
4. Önnur mál.

### 1. Skýrsla framkvæmdastjóra:

Framkvæmdastjóri fór yfir rekstur liðins árs.

- Brennt magn árið 2021 voru 12.646 tonn eða um 1600 tonnum meira en í fyrra og að meðaltali síðastliðin sjö ár. Brennt var í 347 daga á árinu eða fjórum dögum minna en stefnt var að. Brennslan var stöðvuð tvisvar til viðhalds en aðeins annað stoppið var samkvæmt áætlun.
- Mikilvæg skref voru stigin í öryggismálum á liðnu ári bæði með fræðslu, innleiðingu nýrra reglna og lagfæringa/breytinga á aðstöðu.
- Árinu 2021 hefur ekki verið fyllilega lokað í bókhaldi en það sem fyrir liggur gefur vísbendingar um að rekstur hafi verið í samræmi við væntingar.
- Umtalsverður árangur náðist í auknum heimtum á endurvinnsluefni. Endanlegar tölur liggja ekki fyrir en hægt er að gera grein fyrir nálægt 400 tonnum af efni nú þegar, efni sem áður hefði farið í brennslu eða urðun.
- Flokkunarhlutfall heimila á Suðurnesjum breyttist lítið á síðasta ári og ekki til hins betra. Mikil og neikvæð umræða hefur verið um flokkun og endurvinnslu á landsvísu og má ætla að það hafi haft áhrif.
- Notkun grenndarstöðva sem settar voru upp á síðasta ári hefur smám saman vaxið. Nokkur vonbrigði eru hve lítið safnast af málmum og gleri en það er þó ákveðinn stígandi í þeirri söfnun. Notkun stöðvanna er mjög mismikil eftir staðsetningu og fyrir liggur að endurskoða sumar staðsetningarnar.
- Vigtarkerfið sem innleitt var á síðasta ári er nú komið í fulla virkni. Kerfið boðar algjöra byltingu í allri vinnu með upplýsingar um efni til og frá Kölku og auðveldar gerð sölureikninga mikið.
- Framkvæmdastjóri tók stuttlega saman þær breytingar sem gerðar voru á vinnuaðstöðu í Kölku á síðasta ári. Aðstaðan hefur batnað mikið og auðveldar frekari sigra í söfnun endurvinnanlegs efnis.
- Framkvæmdastjóri kynnti að sameiginleg svæðisáætlun sorpsamlaganna á SV landi var send sveitarstjórnnum til umfjöllunar síðastliðinn föstudag (14. janúar). Áætlunina má finna á vefnum <http://www.samlausn.is/>

## 2. Sérstakar gjaldskrárbreytingar.

Stjórnarformaður reifaði stuttlega gjaldskrárumræðu sem frestað var á síðasta fundi. Framkvæmdastjóra var falið að vinna málið áfram með tilliti til umhverfismarkmiða Kölku og áherslu á enn frekari flokkun og áætlað að leggja fram tillögu um sérstakar gjaldskrárbreytingar fyrir næsta stjórnarfund.

## 3. Markmið fyrir 21 og 22.

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna á skorkorti Kölku fyrir markmið og árangur. Margir mælikvarðar sýna góðan árangur en í sumum tilfellum þyrfti að skoða að setja ný viðmið. Framkvæmdastjóra var falið að uppfæra markmiðin fyrir nýtt ár og kynna á stjórnarfundum í febrúar.

## 4. Önnur mál:

Framkvæmdastjóri upplýsti að starfshópur um forverkefni til undirbúnings að innleiðingu framtíðarlausnar til meðhöndlunar á brennanlegum úrgangi í stað urðunar sé að undirbúa kynningu á skýrslu sem starfshópurinn skilaði af sér nýverið. Stjórn Kölku fól framkvæmdastjóra að tryggja að sú kynning verði í boði fyrir sveitarfélögin á Suðurnesjum.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 17:00.  
Næsti fundur er áætlaður þriðjudaginn 8. febrúar 2022.

Fundargerð samþykkt með tölvupóstum.

---

Önundur Jónasson

---

Ásrún Kristinsdóttir

---

Laufey Erlendsdóttir

---

Steinþór Þórðarson

---

Inga Rut Hlökkversdóttir

---

Páll Orri Pálsson